



Fundur háskólaráðs 1. febrúar 2001

Fundargerð

Málsnúmer: HI01010071

Málalýklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir, dagskrár og framlögð gögn

Eigandi skjals: Jórunn Valdimarsdóttir

Staða: Fært í skjalasafn

Dagsetningar:

Búið til: 29.01.2001 14:27:21

Dags: 01.02.2001

Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands (690169-2039)

v/Suðurgötu

101 Reykjavík

Sími: 525 4000

Fax: 552 1331

1/2001

HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2001, fimmtudaginn 1. febrúar var haldinn fundur í háskólaráði, sem hófst kl. 13:30.

1. Bókuð erindi

- 1.1 Lagt var fram bréf frá Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur, formanni stjórnar Mannfræðistofnunar Háskóla Íslands, þar sem minnt er á að tilnefna þurfi nýja fulltrúa í stjórn stofnunarinnar. Málinu frestað.
- 1.2 Lagt fram bréf frá Valdimar K. Jónssyni, deildarforseta verkfræðideildar, þar sem fram kemur að á deildarráðsfundi verkfræðideildar 20. desember s.l. var samþykkt að koma á fót B.S. og M.S. námi í hugbúnaðarverkfræði og B.S. námi í efnaverkfræði. Óskað er eftir afgreiðslu háskólaráðs í þessu máli. Málinu vísað til umsagnar kennslumálanefndar, vísindanefndar og fjármálanefndar.

2. Mál til fróðleiks

- 2.1 Lögð fram fréttatilkynning um stofnun hlutafélagsins Rannsókn- og háskólanet hf. (RHnet) ásamt fundargerð stofnfundar félagsins sem haldinn var 24. janúar s.l.

3. Mál á dagskrá

- 3.1 Fjárbeiðni fyrir 2002.

Inn á fundinn kom Ingjaldur Hannibalsson, formaður fjármálanefndar og Gunnlaugur H. Jónsson, framkvæmdastjóri fjárreiðusviðs og gerðu grein fyrir framlögðu minnisblaði um fjárlagaerindi 2002. Erindið tekur til fjárveitingar vegna væntanlegs samnings um rannsóknir, kostnaðar vegna Alþjóðaskrifstofu háskólastigsins og annarra verkefna sem eru utan samninga um kennslu og vegna viðhalds fasteigna Háskóla Íslands. Heildarfjárbeiðnin nemur 475 m.kr. Málið var rætt ítarlega og þeir Ingjaldur og Gunnlaugur svöruðu fyrirspurnum sem fram komu. Fjárbeiðnin var samþykkt einróma.

- 3.2 Uppbygging meistara- og doktorsnáms. Áætlanir deilda.

Fyrir fundinum lá skýrsla um framhaldsnám við Háskóla Íslands og drög að áætlun til ársins 2005 og minnisblað um sérstaka kynningu framhaldsnáms 8. mars n.k. Rektor gerði grein fyrir málinu.

- 3.3 Fjarkennsla og nýting upplýsingatækni. Áætlanir deilda.

Rektor gerði grein fyrir stöðu málsins. Undir þessum lið var einnig lagt fram efnisyfirlit þróunaráætlana deilda og stofnana og bréf frá Magnúsi D. Baldurssyni, dags. 19. janúar 2001, til deildarforseta og forstöðumanna stofnana.

- 3.4 Sjóðir í vörslu Háskólans.

Inn á fundinn komu Guðmundur Magnússon, forseti viðskipta- og hagfræðideildar, og Sigurður Gíslason, deildarstjóri, og gerðu grein fyrir framlögðu álitum starfshóps um rekstur á sjóðum í vörslu Háskóla Íslands. Málefni sjóðanna voru rædd ítarlega og þeir

Guðmundur og Sigurður svöruðu fyrirspurnum sem fram komu. Herði Sigurgestssyni, Stefáni Ólafssyni og Ingjaldi Hannibalssyni var falið að undirbúa ákvörðun háskólaráðs í málinu. Óskað var eftir yfirliti yfir arðsemi sjóðanna s.l. 2 ár.

4. Önnur mál

- 4.1 Fyrirhugað nám í arkitektúr við Háskóla Íslands.
Fyrir fundinum lá minnisblað um fyrirhugað nám í arkitektúr við Háskóla Íslands, dags. 31. janúar 2001. Málið var rætt ítarlega. Rektor var falið að fylgja málinu eftir.
- 4.2 Samþykkt var einróma að Gísli Már Gíslason, prófessor, Edda Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri starfsmannasviðs, og Gunnlaugur H. Jónsson, framkvæmdastjóri fjárreiðusviðs, taki sæti í samráðsnefnd við fulltrúa Félag prófessora.
- 4.3 Baldvin Þór Bergsson bar fram fyrirspurn um ástand eldvarna og fræðslu um eldvarnir við Háskóla Íslands. Samþykkt var einróma að óska eftir upplýsingum um málið frá öryggisnefnd Háskólans.

Fleira var ekki gert.
Fundi slitið kl. 16:05